

Helgi Pjeturss dr.

LATÍNAN, LINNÉ OG LEIÐIN

I.

Ágæt hugmynd var það hjá mag. Kristni Ármannssyni að hafa í lesbók sinni nokkur sýnishorn af latínu eins og fræðimenn og vísindamenn síðari tíma hafa ritað hana. Þó að sú stofnun sem nú er kölluð mentaskóli, hjeti á mínum námsárum latínuskóli, og miklum tíma væri þar varið til latínnunnar, þá var ekki borið við að kenna þar neitt um latínuna sem alþjóðlegt fræða- og vísindamál.

Jeg var að lesa bók Kristíns, fyrsta kaflann, sem tekinn er upp úr náttúrufræði Linnés, og er hann á ýmsan hátt einkar fróðlegur. „Stjörnurnar eru mjög fjarlægir lýsandi líkamir“ — segir Linné — og hann skiftir þeim í „himintungl sem eru björt af elgin ljósi, eins og sólir og fastastjörnurnar sem eru ennþá lengra frá oss, og svo reikistjörnur sem fá ljós sitt frá stjörnunum“. Er þetta dálítið einkennilega að orði komist, þar sem ekki var kunnugt um aðrar reiki-

stjörnur en þær sem fá ljós sitt frá sólinni. Einnig er það eftirtektarvert, að Linné tekur ekki fram, að fastastjörnurnar sjeu sólir. Það var á síðari hluta 16. aldar sem Brúnó skildi þetta, og skrifaði setninguna: *Astra ultra Saturnum continue visibilia soles sunt* (þ. e. að fastastjörnurnar er menn nefndu svo, væru sólir). En þó var þessum orðum fyrst í stað, enginn gaumur gefinn. Jafnvel hinir miklu brautryðjendur í vísindum, sem uppi voru samtímis Brúnó, Galilei, Kepler, Tycho Brahe og Baco, virðast ekki hafa veitt neina eftirtekt orðunum sem á svo óvænt stórkostlegan hátt miðuðu til að færa út þekk ingarsvið mannkynsins. Annað sem sýnir vel sljövleikann og kæruleysið gagnvart nýjum hugsunum og uppgötvunum er það, að þó að Baco teldi sig hafa sjerstaklega fyrir mark og mið að greiða fyrir framförum í vísindum, og þó að Harvey sem með því að átta sig á starfi hjartans, gerði eina af merkilegustu uppgötvunum 17. aldarinnar, væri heimilislæknir hans, þá minnst Baco ekki einu orði á þessa brautryðjandi uppgötvun Harveys — Hjer á einnig við að nefna Ola Römer, sem óefað var einn af greindustu mönnum sinnar samtíðar. — Þó að Römer lifði til elli, dó 1710, 66 ára gamall, þá velttist honum ekki sú ánægja, að menn tækju um hans daga eftir hinu frábæra greindarafræki hans er hann fann að ljósið þarí tíma til að komast um geiminn og þá einnig ljóshraðann.

Þessi sljövleiki gagnvart starfi

þeirra sem hafa unnið að aukningu þekkingar hefur haft mikla og illa þýðingu fyrir sögu mannkynsins. Það er óhætt að segja, að hefði sá slóðleiki verið nokkru minni, þá hefðu ekki heimsstyrjaldirnar tvær gengið yfir, og hin bjartasta framtíð mundi hafa brosað við mannkyni jarðar vorrar. En í þess stað er það sem nú blasir við, þriðja heimsstyrjöldin, og býsna erfitt að koma auga á nokkrar horfur til að henni verði afstýrt. En ekki virðist mér unnt að sjá neinar líkur til að risið mundi verða úr rústum eftir styrjöld þar sem drepð hefði verið og rústað með meir en tíföldum árangri við það sem var í styrjöldinni síðustu. Eins og búast má við að gert mundi verða í heimsstyrjöldinni þriðju.

II.

Ennþá eftirtektarverðari en það, sem Linné segir um stjörnurnar, eru orð hans um líftegundina mann, sem hann kallar fullkomnastan, æðstan og efstan alls hins skapaða. Og þó er hitt sönnu nær, að maðurinn sje ófullkomnasta veran í lífríki jarðar vorrar. Eða vanskapaðasta, eins og öllu rjettar væri að orði komist. Aðalatriðið um mannlegt líf, er, að svo komnu það, að maðurinn er svo miklu ófarsælli en nokkuð annað sem á þessari jörð lifir, að þar kemst eiginlega enginn samjöfnuður að. Maðurinn er því rjett nefndur animal infelix: dýrið ófarsæla. Það sem vandræðunum veldur er smíð heilans. Heilinn er svo vandgerður, líffæri vitsins. En það sem mannum er fyrir sett er að eflast svo að viti og þekkingu, að hann geti tekið miklu meiri þátt í sköpunarverkinu en hingað til, og haft fullnægjandi stjórn á náttúruöflum síns hnattar. En þegar því marki er náð, eða jafnvel komið á þá leið svo dugi, þá verður maðurinn ekki framrjettnefndur dýrið ófarsæla. Þá mun það koma í ljós, að kvöl og örvinging er vissulega ekki tilgangur mannlífsins, þó að svo hefði mátt

ætla hingað til. En engum ætti að geta dulist, að nú er svo komið, að ekki má tæpara standa, ef þessu marki á að verða náð. Úrslitátíma-mót eru hjer á jörðu nú, slík að aldrei hafa verið önnur eins, og mundi skilningur á þessu aðalatriði í lífssögu jarðar vorrar ekki hafa dregist svona hættulega lengi, ef að þeir sem hafa unnið að því að afla þekkingar á lífinu hjer á jörðu og sögu þess, hefðu átt nokkru betri ástæðum og meiri samúð að fagna en hingað til hefur verið.

Helgi Pjeturss.